



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 141/834  
komudagur 3.12.2012

Lögavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2012 R2012110027  
T-ums 20/12


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um breytingar á skattkerfi til að styrkja íslenskan hugverkaiðnað - 118. mál**

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. nóvember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í tillögunni kemur fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem eigi að kanna þá skattahvata sem erlend ríki hafa innleitt til að styrkja fyrirtæki innan hugverkageirans.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að allar undanþágur og frávik frá almennum reglum gera skattkerfið flóknara og erfiðara í framkvæmd. Þær leiðir sem bent er á í greinargerð með tillögunni myndu allar leiða til tekjutaps hjá ríkissjóði sem bæta þyrfti með einhverjum hætti. Þá bendir ríkisskattstjóri á að hægt væri að styðja við fyrirtæki innan hugverkageirans með öðrum leiðum en niðurgreiðslum í gegnum skattkerfið t.d. með beinum styrkjum.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir